

geislunar skulu senda Geislavörnum ríkisins áætlun um verkið á eyðublöðum stofnunarinnar eða með öðrum þeim hætti sem stofnunin samþykkir. Óheimilt er að hefja verkið fyrr en leyfi stofnunarinnar er fengið.

Viðgerðir, uppsetningar og breytingar á geislatækjum sem gefa frá sér jónandi geislun mega þeir einir annast sem uppfylla kröfur Geislavarna ríkisins um þekkingu og reynslu.

Þeir sem taka að sér að setja upp slík geislatæki, gera við þau eða breyta þeim með tilliti til geislunar skulu ganga úr skugga um að öryggisbúnaður tækjanna sé í samræmi við lög og reglugerðir eða aðrar reglur settar samkvæmt þeim og tilkynna Geislavörnum ríkisins tafarlaust ef svo er ekki.

X. KAFLI Ýmis ákvæði.

21. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og um starfsemi Geislavarna ríkisins, svo og gjaldskrá fyrir þjónustumælingar Geislavarna ríkisins, að fengnum tillögum stofnunarinnar.

22. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða fésektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum. Með mál sem rísa út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en 1. janúar 2003 að því er varðar ákvæði um ójónandi geislun, viðbúnað skv. 9. tölul. 1. mgr. 5. gr. og faggildingu skv. 3. mgr. 5. gr. Eftirlitsþáttur laganna skal endurskoðaður innan fimm ára frá gildistöku. Með gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 117/1985, um geislavarnir.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 2002.

Davíð Oddsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Jón Kristjánsson.

AUGLÝSING frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Geir H. Haarde fjármálaráðherra störfum forsætisráðherra.

Forsætisráðuneytinu, 19. apríl 2002.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.